

25
20. júní

L Ö G

um

berklaveiki í nautpeningi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Með lögum þessum er öllum þeim, sem eiga eða hafa undir hendi nautgripi, gert að skyldu að tilkynna dýralækni hið fyrsta að hægt er öll þau sjúkdómstilfelli hjá nautpeningi, sem vekja grun um berklaveiki, samkvæmt leiðarvísi, sem atvinnumálaráðuneytið lætur semja og útbýta, og skal hann þá sjá um, að rannsókn fari fram svo fljótt sem við verður komið.

2. gr.

Kostnað þann, sem af slíkri rannsókn leiðir, hvort sem dýralæknir framkvæmir hana sjálfur eða felur öðrum, skal eftir nánari ákvæðum atvinnumálaráðuneytisins greiða úr ríkissjóði, ef sjúkdómurinn reynist berklaveiki; ella greiðist hann að hálfu af hvorum, eiganda grips og ríkissjóði.

3. gr.

Nú reynist nautgripur berklaveikur, og skal þá dýralæknir strax tilkynna það símleiðis atvinnumálaráðuneytinu. Er ráðuneytinu þá heimilt, með ráðum dýralæknis, að fyrirskipa niðurskurð á hinum sjúku gripum og sóttþreinsun eftir þörfum. Niðurskurð skal að jafnaði fyrirskipa, ef um fáa gripi er að ræða, og ávalt, ef gripirnir teljast hættulegir vegna opinna, smitandi berkla. Sjeu sjúku gripirnir aftur á móti svo margir, að ekki þyki gerlegt að skera alt niður, enda ekki nauðsynlegt vegna smithættu, heimilast ráðuneytinu að fyrirskipa einangrun nautgripa á litlu eða stóru svæði, svo sem einum bæ eða fleirum saman, heilum hreppi eða sýslu, og mega nautgripir þá ekki fara burt af svæðinu nema til slátrunar, og þá þannig, að ekki komi þeir saman við aðra nautgripi. Skulu yfirvöld hrepps eða sýslu sjá um, að einangrunarfyrirskipuninni sje rækilega fylgt.

4. gr.

Þegar fyrirskipaður er niðurskurður á nautgripum eftir lögum þessum, skal ríkissjóður greiða eiganda gripsins skaðabætur, sem svarar $\frac{1}{3}$ af andvirði

kjötkroppssins eins og hann mundi seljast ósjúkur og í heilu lagi í næsta kaupþúni. **25**
 Annars eru eiganda frjáls afnot húðarinnar, svo og kjöts og sláturs, ef og að **20. júní**
 svo miklu leyti sem dýralæknir telur það hæft til manneldis. — Sótthreinsunarlýf og umsjá með sóttthreinsun annast ríkissjóður á sinn kostnað, en skylt er eiganda að leggja til alla þá hjálp endurgjaldslaust, er með þarf, bæði við rannsókn og niðurskurð gripa, svo og við sóttthreinsun.

5. gr.

Setja má með reglugjörð ákvæði um útrýmingu berlaveiki í nautpeningi á einangruðu svæði, svo og um eftirlit með því, að einangruninni sje trygglega fylgt.

6. gr.

Brot móti lögum þessum og reglugjörð, sem ræðir um í 5. gr., varða sektum, frá 50 til 500 kr., er renna í ríkissjóð. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
 (L. S.)

Kl. Jónsson.